

Sorpurðun Vesturlands hf
Bjarnarbraut 8
310 Borgarnes

Reykjavík, 10. júlí 2019
UST201901-210/S.M.
08.14.02

Fyrirvaralaust eftirlit, 23.05.2019, í Sorpurðun Vesturlands hf.

Þann 23. maí sl. fór fram fyrirvaralaust eftirlit í Sorpurðun Vesturlands hf., Fíflholtum. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Þrjú frávík komu fram í eftirlitinu er varða:


1. Gr. 2.1 í starfsleyfi. Fara skal þannig með úrgang við meðhöndlun að tryggt sé að hann valdi sem minnstum óþrifnaði eða ónæði, svo sem foki úrgangsefna. Í ábendingum sem Umhverfisstofnun bárust 20. og 22. maí s.l. sem og í vettvangsferðinni var staðfest að töluvert af úrgangsefnum hefur fokið út fyrir urðunarstaðinn sem gefur til kynna að ekki sé nægilega tryggt að meðhöndlun valdi sem minnstum óþrifnaði.
2. Gr. 3.1 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal koma í veg fyrir fok úrgangsefna frá urðunarstaðnum með uppsetningu fullnægjandi fokvarna og jafnframt skal taka tillit til vindafars hverju sinni við móttöku og urðun. Ábendingar sem bárust Umhverfisstofnun 20. og 22. maí s.l. gefa til kynna að fokvarnir séu ekki nægjanlegar og/eða ekki nægilega tekið tillit til vindafars við móttöku úrgangs.
3. Gr. 4.3 í starfsleyfi. Við daglegan frágang skal rekstraraðili birgja úrgang með fullnægjandi þekjulagi. Óheimilt er að nota þekjuefni sem getur sjálft haft í för með sér fok eða ónæði. Í vettvangsferðinni var staðfest að þekjulag var blandað efnum s.s. plasti sem hætta er á að fjúki. Það samræmist ekki ákvæðum starfsleyfisins þar sem að kveðið er á um að óheimilt sé að nota þekjuefni sem getur sjálft haft í för með sér fok eða ónæði.

Sorpurðun Vesturlands hefur sent Umhverfisstofnun minnisblöð er varða fok á urðunarstaðnum og drög að úrbótatillögu. Í reglubundnu eftirliti stofnunarinnar á urðunarstaðinn þann 26. júní s.l. var staðfest að vinna er hafin við fokvarnagirðingu vestan við urðunarrein 4 og starfsmaður hefur verið ráðinn til að sinna tiltekt vegna foks úrgangsefna. Samkvæmt upplýsingum frá rekstraraðili er í gangi vinna vegna úrbótatillögu sem unnin hefur verið fyrir urðunarstaðinn.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 31. júlí, 2019.

Virðingarfyllt


Sigríður Magnúsdóttir


Frigg Thorlacius

Afrit: Heilbrigðisnefnd Vesturlands

EFTIRLITSSKÝRSLA

Sorpurðun Vesturlands Fíflholt



UMHVERFISSTOFNUN

| | | | |
|---------------------|-----------------------|-------------------------|-------------------------|
| Dags eftirlits | 23.5.2019 | Ábyrgðarmaður eftirlits | Sigríður Magnúsdóttir |
| Fyrirtæki | Sorpurðun Vesturlands | Eftirlitsmaður | |
| Heimili | Bjarnarbraut 8 | Tegund eftirlits | Fyrirvalaust |
| Kennitala | 5306972829 | Flokkur | Úrgangur og efnamóttaka |
| Fulltrúi fyrirtækis | Hrefna B. Jónsdóttir | ÍSAT nr. | 38.21.0 |
| Fulltrúi fyrirtækis | Þorsteinn Eypórsson | Staðsetning | 349951,516 469714,37 |

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Óvenjubundið eftirlit vegna ábendinga sem bárust Umhverfisstofnun 20. og 22. maí s.l. Í eftirlitinu voru skráð þrjú frávik frá starfsleyfi er varða fok úrgangsefna, fokvarmir og daglegan frágang.

UMFANG EFTIRLITS

Ábendingum sem bárust Umhverfisstofnun 20. og 22. maí s.l. fylgdi myndefni sem benti til þess að daglegum frágangi í urðunarreininni væri ábótavant og fokvarmir ekki nægjanlegar. Talsvert fok á úrgangsefnum sést á myndefninu bæði innan og utan girðinga sem eiga að grípa þau úrgangsefni sem fjúka til á staðnum. Eins sést að talsvert mikið af úrgangsefnum hefur safnast í fráveituskurð austan urðunarreinar, innan girðinga.

Komið var í Fíflholt um hádegisbil í logni og þurru veðri. Vettvangsheimsóknin hófst á því að ekið var með fulltrúa rekstraraðila niður eftir Hraunhreppsvegi (vegur nr. 540), vestan við urðunarstaðinn, en á því svæði hafði, að sögn fulltrúa rekstraraðila, safnast heilmikið magn af úrgangsefnum eftir veturinn. Mestur hluti svæðisins hefur nú þegar verið hreinsaður. Við skoðun reyndist enn vera dálítið af úrgangsefnum á svæðinu, en að sögn rekstraraðila stendur til að fara í annað átak í hreinsun svæðisins.

Að lokinni vettvangsskoðun utan urðunarstaðarins var komið til baka í Fíflholt og gengið um urðunarstaðinn í fylgd fulltrúa rekstraraðila. Við norðurenda virka hluta urðunarreinarinnar voru haugar af efni sem nota á í þekjulag, þar var um að ræða kurlað og brotið timbur. Talsvert af plasti og öðrum úrgangsefnum var sjáanlegt í timburhaugunum og í yfirborðslagi á þeim hluta urðunarreinarinnar sem nýlega hefur verið fylltur og er nú móttökustaður úrgangs. Eitthvað af plastinu var laust á yfirborði. Gengið var niður með fráveituskurði austan við urðunarreinina. Nokkuð af úrgangsefnum hefur fokið austur fyrir urðunarreinina og er mikið magn af úrgangsefnum í fráveituskurði. Ekki voru sjáanleg úrgangsefni utan girðinga austan og sunnan við urðunarreinina, en nokkuð af plasti fast í girðingum. Gengið var inn í urðunarreinina að sunnanverðu, var þar nokkuð snyrtilegt um að lífast en eitthvað af lausu plasti. Nokkuð af úrgangsefnum var að sjá sunnan og austan urðunarreinarinnar, innan girðinga.

Eftir skoðunarferðina var sest niður og fundað með fulltrúa rekstraraðila og starfsmönnum urðunarstaðarins þar sem farið var yfir þær ábendingar sem Umhverfisstofnun hefur borist, niðurstöður skoðunarferðar eftirlitsmanns um svæðið og hvaða úrbætur rekstraraðili hyggist fara í til að tryggja að farið sé að ákvæðum starfsleyfisins.

Fram kom á fundinum að ríkjandi austlægar áttir hafi reynst rekstraraðila erfiðar að undanfögnu og því stendur til að setja upp fokvarnagirðingu meðfram vesturhlíð urðunarreinarinnar. Girðingin er til viðbótar við þær girðingar sem fyrir eru og ætluð til að bæta varmir við foki úrgangsefna til vesturs. Girðingin mun vera með minni möskvum en aðrar girðingar á svæðinu til að grípa betur þau úrgangsefni sem fjúka úr urðunarreininni. Einnig kom fram að rekstraraðili ætlar að bæta við starfsmanni á urðunarstaðinn til að hægt sé að taka betur á fokvörnum á staðnum. Rekstraraðili er að skoða aðrar ábendingar Umhverfisstofnunar við aðstæður á urðunarstaðnum og hyggst senda stofnuninni tímasetta áætlun og frekari greinargerð um hvernig hann hyggst standa að úrbótum á urðunarstaðnum.

Frávik frá

Lýsing á frávikum

2. mgr í gr. 2.1

Fara skal þannig með úrgang við meðhöndlun að tryggt sé að hann valdi sem minnstum óþrifnaði eða ónæði, svo sem foki úrgangsefna. Í ábendingum sem Umhverfisstofnun bárust 20. og 22. maí s.l. sem og í vettvangsferðinni var staðfest að töluvert af úrgangsefnum hefur fokið út fyrir urðunarstaðinn sem gefur til kynna að ekki sé nægilega tryggt að meðhöndlunin valdi sem minnstum óþrifnaði og foki úrgangsefna.

gr. 3.1

Rekstraraðili skal koma í veg fyrir fok úrgangsefna frá urðunarstaðnum með uppsetningu fullnægjandi fokvarna og jafnframt skal taka tillit til

vindafars hverju sinni við móttöku og urðun. Ábendingar sem bárust Umhverfisstofnun 20. og 22. maí s.l. gefa til kynna að fokvarnir séu ekki nægjanlegar og/eða ekki nægilega tekið tillit til vindafars við móttöku úrgangs.

gr. 4.3

Við daglegan frágang skal rekstraraðili birgja úrgang með fullnægjandi þekjulagi. Óheimilt er að nota þekjuefni sem getur sjálft haft í för með sér fok eða ónæði. Í vettvangsferðinni var staðfest að þekjulag var blandað efnum s.s. plasti sem hætta er á að fjúki. Það samræmist ekki ákvæðum starfsleyfisins þar sem að kveðið er á um að óheimilt sé að nota þekjuefni sem getur sjálft haft í för með sér fok eða ónæði.

ANNAD

Frá Sorpurðun Vesturlands var einnig viðstaddur eftirlitið Benjamín L. Fjeldsted

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 25.06.2019



Sigríður Magnúsdóttir